



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. september 2020

SFS2020080114

192. fundur

HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Sjálfstæðisflokksins um akstur fyrir börn í Staðahverfi í lok dags

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að skólaakstur verði fyrir börn úr Staðahverfi í Grafarvogi eftir að frístund líkur þar sem ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar úrbætur á umferðaröryggi.

Í lok ágúst var foreldrum í Staðahverfi, sem áttu börn í 1. – 4. bekk í Brosbæ frístundaheimili við Engjaskóla, send könnun varðandi óskir þeirra um heimakstur að lokinni dvöl í frístundaheimilinu. Um 34 börn í 1. – 4. bekk dvelja í Brosbæ að lokum skóladegi. Svörun foreldra var góð og skjót og niðurstaða könnunarinnar var sú að foreldrar óska eftir heimakstri fyrir yfir 30 börn. Einnig kom fram að 2/3 foreldra óskuðu eftir heimferð fyrir börn sín kl. 16.30 en 1/3 foreldra kl. 16.45.

Niðurstaðan er því að heimakstur er í boði fyrir börn í Staðahverfi að lokinni dvöl í frístundaheimilinu Brosbæ í lok dags og hófst hann 8. september 2020. Fyrri ferð er kl. 16:30 og seinni ferð kl. 16:45.